



Tillögur stjórnar VR að breytingum á reglugerð VR varasjóðs

Aðalfundur VR 25. mars 2026

Blátt letur: Nýtt / breytt orðalag
Rautt letur: Texti felldur úr ákvæðinu
Grænt letur: Skýringar

Tillaga #1

2. gr. Verkefni

Núverandi hljóðan:

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubrests
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

Verður:

2.1. VR varasjóður er upplýsingakerfi um sérgreindan rétt félagsfólks. Í því felst hvatning til félagsfólks til að koma sér upp varasjóði til að mæta hugsanlegum áföllum, auðvelda því að viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaði, til forvarna og auðvelda fólki að njóta orlofs. [Heimilt er að nýta varasjóð í þágu barna félagsfólks](#). Kerfið geymir sérgreinda réttindainneign félagsfólks, sem það getur nýtt vegna:

- námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu
- framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum og greiðslum
- starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð
- vegna heilsubrests
- kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum
- kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði- og læknis- og tannlæknaþjónustu
- [kaupa á æfingagjöldum, endurhæfingar- sálfræði- og læknis- og tannlækningaþjónustu barna](#)
- kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum
- kaupa á orlofstengdri þjónustu

Skýring við tillögu #1:

Stjórn VR leggur til að félagsfólk geti nýtt inneign sína í VR varasjóði í þágu eigin barna þegar kemur að æfingagjöldum og endurhæfingar-, sálfræði-, læknis- og tannlækningaþjónustu.

Tillaga #2

2. gr. Verkefni

Hér er lagt til að bæta við setningu fyrir neðan listann yfir mögulega nýtingu inneignar hér að ofan um lágmarksfjárhæð styrkja sem hér segir:

Lágmarksfjárhæð styrkumsóknar er 1 þúsund krónur.

Skýring við tillögu #1:

Stjórn leggur til að lágmarksupphæð styrkja verði eitt þúsund krónur. Umsýsla umsókna er umtalsverð og til að auðvelda og einfalda það ferli er hér lögð til lágmarksupphæð.

Tillaga #3

3. gr. Tekjur og réttindaávinnsla

Núverandi hljóðan:

3.3. Félagsfólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.

Verður:

~~3.3. Félagsfólki sem á inneign yfir viðmiðunarmörkum sem stjórn VR ákveður á hverjum tíma, skal a.m.k. einu sinni á ári sent yfirlit ef hreyfing hefur orðið á réttindum á undanliðnum tveimur árum. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum.~~

3.3. Félagsfólk hefur aðgang að inneign og hreyfingum í VR varasjóði á Mínun síðum á vr.is. Félagsfólk sem hættir í félaginu fær sent bréf þar sem það er minnt á inneign í VR varasjóði og hversu langan tíma það hefur til að nýta inneign sína í sjóðnum.

Skýring við tillögu #3:

Þegar VR varasjóður var settur á laggirnar voru Mínar síður á vr.is ekki komnar í notkun og umhverfi samskipta og upplýsingagjöf frá félaginu með allt öðrum hætti en nú er. Undanfarin ár hafa upplýsingar um inneign og hreyfingar í VR varasjóði verið birtar á Mínun síðum. Þegar lagt er inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert er það tilkynnt á vef og samfélagsmiðlum VR og félagsfólk hefur tækifæri til að kynna sér stöðuna á Mínun síðum. Þá er félagsfólki sem hættir í félaginu sent bréf þar sem m.a. koma fram upplýsingar um VR varasjóð og hvernig fyrningu inneignar er háttað.

Hér leggur stjórn til að gerð verði breyting á reglugerðinni og orðalag fært til þess hvernig upplýsingagjöf um stöðu og hreyfingar í VR varasjóði er í raun.